

## AUGLÝSING

### **um breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, iðnaðarsvæði í landi Valgerðarstaða, Fellum, Fljótsdalshéraði.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að 5,3 ha landbúnaðarsvæði norðan þéttbýlis Fellabæjar í landi Valgerðarstaða breytist í iðnaðarsvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 12. september 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*